



ORKUSTOFNUN

Flutningur þunnsneiðagerðar og svarfþvotts

Ásgrímur Guðmundsson, Jens Tómasson

Greinargerð ÁsG-JT-88-01

FLUTNINGUR PUNNSNEIDAGERDAR OG SVARFPVOTTSS

Aðdragandi: Undanfarin ár hefur þunnsneiðagerð og svarfþvottur haft aðsetur í kjallara Skeifunnar 8. Það húsnæði er vægast sagt ekki nokkrum bjóðandi, sem vinnustaður. Um s.l. áramót urðu þær breytingar í húsakynnum Orkustofnunar að Grensásvegi 9, að mjög rýmkaði um húsnæði eftri fjöldauppsagnir starfsmanna. Þar sem ekki er í bígerð að endurráða eða ráða nýja starfsmenn þá hefur opnast möguleiki á að flytja starfsaðstöðu þeirra sem í Skeifunni hafa unnið að staðaldri yfir a Grensásveg og skapa þeim þannig sómasamlega aðstöðu. Hér er um að ræða starfsaðstöðu fyrir tvær manneskjur.

Tillögur: BJF hefur augastað á tveimur herbergjum fyrir starfsemina.

Annars vegar herbergi ÓBS og GÓF þ.e. við hlið XRD-úrvinnslu. Þar mundi þunnsneiðagerðin verða til húsa ásamt aðstöðu fyrir þurrkun á þvegnu svarfi. Í þessu sambandi er lagt til að GÓF verði fluttur í herbergið, sem áður tilheyrði JBen.

Hins vegar húsvarðarherbergið á 2. hæð við hlið lyftunar. Þangað yrði svarfþvotturinn fluttur. Í því sambandi er lagt til að húsvörður flytji sig í herbergið beint fyrir ofan, sem GJ hafði áður.

Kostir: Boðleg vinnuaðstaða fæst og tilkostnaður við flutninga líttill. Einnig færist starfsemin til þeirra sem af henni hafa mest gagn.

Gallar: Gert verður ráð fyrir að hávær tæki eins og stórar sagir, mulningstæki o.fl. verði áfram í Skeifunni enda er vinna við þau tímabundin sem svarar nokkrum klukkustundum eða dögum. Að því leiðir að ekki verður unnt að hafa öll tæki og geymslur undir sama þaki og svarfvotturinn og þunnsneiðagerðin eru. Nauðsynlegt verður að flytja svarf vikulega frá Grensásvegi til geymslu.